

6 fundur í teymi um afurðar og markaðsmál skógræktar innhringinúmer 7557755/2233344

Mætt voru; Jóhann Gísli Jóhannsson, Gunnar Sverrisson, Björn B. Jónsson, Benjamín Örn Davísson, Hrönn Guðmundsdóttir og gestur fundarins Ólafur Oddsson

Dagskrá

1. Viðarmagnsúttekt á landsvísu; Fyrir liggur verkáætlun og kostnaðargreining sem unnin var af Arnóri Snorrasyni og Eddu Oddsdóttur á Mógislá. Samþykkt var að sækja um styrk í Framleiðnisjóð og til UAR til að fara í vinnu við viðarmagnsúttekt á landsvísu. Og ræða við Skógræktina um mögulegt samstarf um þetta verkefni.. Styrkumsóknir í FL rennur út þann 17. nóv og til ráðuneytisins rennur út þann 23. nóv.
2. Gæðamál viðarafurða og fræðsla um þá. Hrönn og Björn fóru á fund með Eiríki Þorsteinssyni og Sigríðu Ingvarsdóttur til að ræða um gæðastaðal fyrir viðarafurði. Mikið er til af stöðlum og vottunum og þau eru tilbúin til að vinna með okkur við að safna þessu saman og þýða það sem þarf. Þau töldu mikilvægt að LBHÍ kæmi inn í þessa vinnu með fræðslu um gæðamál og lokaafurðin verði fræðsluefni svo þetta kæmist alla leið til þeirra sem þurfa að nota þetta. Sótt verður um styrk til sjóðs um átak til atvinnusköpunar. Rætt var um að skipaður verði stýrihópur til að vinna að þessi mál áfram. Rætt var um að fleiri kæmi að umsókninni. Þeir sem kæmu inn í slíka umskókn væri LSE, LBHÍ og Skógræktin. Samþykkt var að sækja um í sjóðnum hjá og reyna að fara að vinna eftir gæðastöðlum á nýju ári.
3. Skógarfræðsla Ólafur Oddsson sagði frá að hann hafi fundað með síðasta aðilanum að samstarfi um fræðslustarfi græna geirans. Þar sem allir komi að uppbyggingu fræðsumála og að unnið verði með LBHÍ varðandi fræðslu og námskeiðahald. Lögð er áhersla á samstarf um skógarfræðslu styrki upplýsingarmiðlun á milli aðila er varðar fræðslustarf, fræðsluefni, námskeiðahald og kynningarefni. Vonast er eftir markvissari, árangursríkari og ódýrara fræðslustarfi og faglegri við þjónustu við einstaka hópa. Mikil vinna verður í uppbygginug á þessu fræðslustarfi og mikilvægt er að forgangsraða fræðslunni. Hver samstarfsaðili skipar fulltrúa í fræðsluhópinn.
4. Önnur mál passa að útvíkka sig ekki of mikið halda sig innan þeirra verkefna sem teymið er að vinna að. Passa að missa sig ekki út um víðan völl.

Björn sagði frá leshóp lokafundi leshóps þar sem farið var yfir það sem þátttakendur sögðu frá það sem þeir sáu á sýningunni Elmía Wood.

Næsti fundur verður 14 nóvember kl 10,30 á Mógilsá
Ekki fleyra gert og fundi slitið kl.11